

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 180/2024

2024/EES/76/32

frá 5. júlí 2024

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum
sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 86. gr. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka umfang samstarfs aðilanna að EES-samningnum svo það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2370 frá 23. nóvember 2022 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 851/2004 um stofnun Sóttvarnastofnunar Evrópu ⁽¹⁾.
- 2) Því ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn svo hið aukna umfang samstarfsins geti átt sér stað.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í undirlið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 851/2004) a-liðar 4. mgr. 16. gr. bókunar 31 við samninginn:

„, breytt með:

- **32022 R 2370:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2370 frá 23. nóvember 2022 (Stjtið. ESB L 314, 6.12.2022, bls. 1).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning, samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins, hefur farið fram (*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. júlí 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 314, 6.12. 2022, bls. 1.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.